



## Starfsreglur fyrir þingið

### 1. Staður og tími

Þing Norðurlandaráðs ungliða (UNR) er haldið einu sinni á ári í tengslum við þing Norðurlandaráðs.

Þingið er haldið í sömu borg og Norðurlandaráðsþingið.

Staðsetning og tími næsta þings er ákveðið á þinginu.

### 2. Þátttakendur

Öllum aðildarsamtökum er heimilt að senda einn fulltrúa með kosningarétt sem notar öll atkvæði samtakanna. Fulltrúinn verður að mæta á fundinn í eigin persónu, ekki er hægt að framselja atkvæði til fulltrúa annarra samtaka eða nota atkvæðisréttinn með umboði. Aðrir fulltrúar aðildarsamtaka og áheyrnarsamtaka hafa tillögurétt, áheyrnarrétt og málfrelsi. Boðsgestir hafa áheyrnarrétt og málfrelsi.

### 3. Dagskrá

1. Þingsetning
2. Lögmæti og ákvörðunarbærni þingsins og kjörskrá ákveðin.
3. Kjör
  - a. fundarstjóra og varafundarstjóra
  - b. fundarritara
  - c. tveggja sem undirrita fundargerð
  - d. tveggja sem telja atkvæði
4. Dagskrá samþykkt
5. Starfsreglur fyrir þingið samþykktar
6. Ársskýrsla afgreidd
7. Ársreikningar og skýrsla endurskoðanda afgreidd
8. Ársreikningar staðfestir og samþykktir
9. Starfsáætlun
10. Fjárhagsáætlun
11. Ályktanir afgreiddar
  - a. Kynning á ályktunum sem hafa borist seint
  - b. Vinnuhópar skipaðir
  - c. Afgreiðsla í vinnuhópum
  - d. Ályktanir samþykktar
12. Kosningar
  - a. Forseti
  - b. Varaforseti
  - c. Stjórn og varafulltrúar
13. Staðfesting á tíma og stað næsta þings
14. Önnur mál
15. Þingslit



## 4. Fundargerð

Fundarstjóri ber ábyrgð að fundargerð sé færð á meðan þing stendur yfir. Þingbókin er ákvarðanafundargerð. Öll fundargögn eru fylgiskjöl þingbókarinnar.

Þingið er tekið upp til að tryggja að þingbókin sé í samræmi við umræðurnar.

## 5. Atkvæðagreiðsla

Atkvæði á þingi skiptast sem hér segir:

- Öll aðildarsamtök hafa eitt (1) atkvæði.
- Öll aðildarsamtök með móðurflokk í Norðurlandaráði fá auk þess jafnmörg atkvæði og sæti móðurflokksins eru í Norðurlandaráði. Atkvæðin miðast við upplýsingar sem Norðurlandaráð styðst við á þinginu.

### Ályktanir

Efni sem er lagt fram á fundinum er samþykkt með einföldum meirihluta ef ekki er kveðið á um annað í lögum félagsins. Skjalið með lögum verður að samþykkja með 3/4 atkvæða.

Upplausn félagsins krefst 3/4 atkvæða.

Þau sem bera ábyrgð á ársreikningum verða að lýsa sig vanhæf í ákvörðunum sem varða samþykkt ársreikninga stjórnar.

### Atkvæðagreiðsla

Skjöl eru afgreidd með þeim hætti að tillaga stjórnar er ætíð borin fram sem grunntillaga ef annað er ekki ákveðið.

Við afgreiðslu ályktana á þingfundi er tillaga vinnuhópsins grunntillaga.

Þegar gengið er til atkvæða er grunntillagan ætíð græn (já) og gagentillagan rauð (nei). Leggi stjórn eða vinnuhópur fram tvo valkosti eru þeir afgreiddir fyrst og síðan er sá valkostur sem samþykktur var grunntillaga í umræðum sem þá halda áfram.

Fundarstjóri metur hvort grænt (já) eða rautt (nei) hafi hlotið flest atkvæði. Fundarstjóri getur farið fram á talningu atkvæða ef erfitt reynist að skera úr um hvernig atkvæði féllu. Þingfulltrúar geta alltaf farið fram á talningu atkvæða. Í slíkum tilvikum telja kjörnir atkvæðateljarar atkvæðin og tilkynna fundarstjóra sem les niðurstöðurnar upphátt fyrir þingfund.

Beiðni um talningu atkvæða þarf að bera fram áður en fundarstjóri nær að staðfesta ályktunina. Þegar ályktunin hefur verið samþykkt geta þingfulltrúar með atkvæðarétt gert fyrirvara við ákvörðunina. Fyrirvara þarf að afhenda fundarstjóra skriflega og færa í fundargerð.

## 6. Ræður

Undir öllum dagskrárliðum er samtökum sem fluttu málið heimilt að kynna málið.

Allir þátttakendur með áheyrnarrétt, málfrelsi og tillögurétt á þingi geta beiðið um orðið. Þátttakendur biðja um orðið með því að lyfta þingfulltrúa- eða þátttakendakorti með númeri þingfulltrúa eða þátttakanda svo fundarstjóri sjái það.



Fundarstjóri heldur utan um mælendaskrá og gefur orðið í samræmi við hana. Orðið er yfirleitt gefið samkvæmt mælendaskrá með eftirfarandi undantekningum:

## Tvöfaldar mælendaskrár

Þegar þátttakandi tekur í fyrsta sinn til máls í umræðunum er hann settur fram fyrir fulltrúa sem þegar hafa tekið til máls. Þannig er eins mörgum og hægt er gert kleift að bera fram sjónarmið sín og stuðlað að góðum samræðum.

## Andsvör

Ef minnst er á þátttakanda, flokk hans eða sambærilegt úr ræðustól getur þátttakandinn farið fram á andsvar (með láréttum vísifingri og þumalfingri). Þegar ræðumaður hefur lokið máli sínu stendur hann áfram í ræðustól en sá sem fór fram á andsvar fær eina (1) mínútu til að svara og grípur inn í mælendaskrá. Sá sem er í ræðustól fær eina (1) mínútu til að svara andsvari.

Þeim sem taka til máls í orðaskiptum ber að forðast að nefna aðra fulltrúa því engir aðrir geta farið fram á andsvar í orðaskiptum og geta því ekki brugðist við því sem sagt er.

Fleiri en einn þátttakandi geta talið sig eiga rétt á andsvari en þá verða þeir hver um sig að fara fram á andsvar áður en framsöguræðu lýkur, en ekki á meðan orðaskipti standa yfir. Hver og einn þeirra á rétt á einni (1) mínútu til andsvars.

Fundarstjóri þingsins sker úr um hvort viðkomandi eigi rétt á andsvari eða hvort setja eigi þátttakanda á almenna mælendaskrá.

## Athugasemd um málsmeðferð

Þátttakandi getur gert athugasemd um málsmeðferð ef hann er með hagnýta spurningu eða athugasemd sem skýrir framvindu fundarins. Það getur verið að skýra atkvæðagreiðslu, beiðni um lokun mælendaskrár eða athugasemd um ályktun fundarstjóra varðandi stofnskjal og lög félagsins.

Þátttakandi getur gert athugasemd um málsmeðferð með því að lyfta upp handleggjum og mynda O eins og í „ordningsfråga“. Athugasemdir um málsmeðferð grípa inn í röð mælendaskrár.

Fundarstjóri vikur aftur að almennri mælendaskrá þegar athugasemd um málsmeðferð hefur verið afgreidd.

## Staðreyndaupplýsingar

Staðreyndaupplýsingar skulu vera stuttar og innihalda staðreyndir um málið sem verið er að afgreiða. Staðreyndaupplýsingar mega ekki vera framlag til umræðna sem standa yfir.

Staðreyndaupplýsingar grípa inn í röð mælenda á mælendaskrá. Fundarstjóri þingsins sker úr um hvort þátttakandi eigi rétt á staðreyndaupplýsingum eða hvort setja eigi þátttakandann á almenna mælendaskrá.

Fundarstjóri vikur aftur að almennri mælendaskrá þegar staðreyndaupplýsingar hafa verið afgreiddar.

## Lokun mælendaskrár

Fundarstjóri þingsins getur lokað mælendaskrá að eigin frumkvæði þegar umræðurnar þykja ekki lengur þjóna tilgangi sínum og ólík sjónarmið í málinu hafa komið fram, eða að tillögu þingfulltrúa. Þingið getur greitt atkvæði um að loka mælendaskrá eða halda umræðum áfram enn um sinn.

Ákveði þingið að loka mælendaskrá fá þau sem enn óska eftir að taka til máls í umræðunum að biðja um orðið á meðan sá ræðumaður talar sem fyrstur tók til máls eftir að ákveðið var að loka mælendaskránni. Þegar mælendaskrá hefur verið lokað er ekki lengur hægt að biðja um orðið. Enn er hægt að veita andsvar, gera



athugasemd um málsmeðferð eða óska eftir staðreyndaupplýsingum, en ný framlög til umræðanna eru ekki leyfð.

## Ræðutími

Ræðutími á þingi er takmarkaður til þess að tryggja að þinginu gefist kostur á að afgreiða öll mál á fundardagskrá og að sem flest komist að í umræðunum. Ræðutíminn er sem hér segir

- Framsöguræða um nýtt málefni eða nýtt erindi tvær (2) mínútur.
- Ræður í umræðum, ein (1) mínúta.
- Andsvör, þrjátíu (30) sekúndur.
- Svör við andsvari þrjátíu (30) sekúndur.
- Staðreyndaupplýsingar samkvæmt fyrirmælum fundarstjóra.

## 7. Meðferð ályktana

### Ályktanir fluttar

Tillögur að ályktunum skulu fluttar af eigi færri en einum (1) aðildar- eða áheyrnarsamtökum og njóta stuðnings eigi færri en einna (1) aðilar- eða áheyrnarsamtaka. Einróma stjórn er heimilt að leggja fram ályktanir fyrir þingið.

Tillögur að ályktunum skulu berast skriflega eigi síðar en fjórum (4) vikum fyrir setningu þings. Afgreiðsla ályktana sem berast seinna krefst 2/3 atkvæða.

Ályktanir sem berast á tilskildum tíma eru þýddar og liggja fyrir í heild sinni á einu skandinavísku máli auk finnsku og íslensku.

Ályktanir sem berast seint eru ekki þýddar á kostnað UNR heldur sjá þau samtök sem senda ályktunina um hugsanlega þýðingu og bera kostnað af henni. Ályktanir sem eru ekki þýddar eru lesnar upphátt og túlkaðar á hin tungumálin.

Ályktanir sem berast í tæka tíð og eru þýddar eru sendar þingþátttakendum eigi síðar en tveimur (2) vikum fyrir þingsetningu.

### Afgreiðsluferli ályktana

1. Ályktunin er send stjórninni eða þeim einstaklingum sem stjórnin hefur falið ábyrgðina. Ályktanir eru tölusettar í þeirri röð sem þær berast.
2. Ályktanir sem berast í tæka tíð eru þýddar og sendar þingfulltrúum og öðrum þátttakendum.
3. Ályktanir sem kunna að berast síðar verða lagðar fyrir þingið og þingið greiðir atkvæði um hvort þær verði afgreiddar. Afgreiðsla ályktana sem berast of seint krefst samþykkis 2/3 atkvæða.
4. Stjórnin skipar vinnuhópa til að afgreiða ályktanirnar. Stjórnin sér um að skipta ályktununum niður á vinnuhópana.
5. Stjórnin velur formann og ritara fyrir hvern vinnuhóp. Formaður stjórnar umræðum og störfum vinnuhópsins. Ritari sér um að ályktunartillögur vinnuhópsins liggja fyrir strax að loknum fundi í vinnuhópnum.
6. Vinnuhóparnir afgreiða ályktanir og gera breytingar á þeim. Vinnuhóparnir eru hvattir til að sameina ályktanir sem fjalla hugsanlega um sömu atriði í fundargögnum svo framarlega sem það er unnt. Vinnuhópur getur hafnað ályktunum með 2/3 atkvæða.
7. Formaður vinnuhópsins kynnir tillögur vinnuhópsins að ályktunum á þingi þegar umræður um ályktanir fara fram.



8. Tillaga vinnuhópsins er grunntillaga ályktunar, sù ályktunartillaga sem liggur til grundvallar umræðum á þingi. Hugsanlegar breytingartillögur eru gerðar út frá ályktuninni.
9. Tillögur að breytingum á ályktunum skulu lagðar skriflega fram af eigi færri en einum (1) aðildar- eða áheyrnarsamtökum og njóta stuðnings eigi færri en einna (1) annarra aðildar- eða áheyrnarsamtaka.
10. Þingið getur hafnað ályktunum áður en umræður hefjast með 2/3 atkvæða. Tillaga um höfnun skal borin fram af eigi færri en einum (1) aðildar- eða áheyrnarsamtökum og njóta stuðnings eigi færri en einna (1) aðildar- eða áheyrnarsamtaka.
11. Samtök sem hafa flutt eða stutt ályktun geta afturkallað ályktunina eða stuðning sinn. Ef það gerist geta önnur samtök lagt ályktunina fram í sínu nafni eða stutt hana til þess að halda henni í umræðunum. Leiði þetta til þess að ályktunin njóti ekki nægilegs stuðnings fellur hún.
12. Umræður um ályktanir
  - a. Almennar umræður um ályktunina í heild. Breytingar á ályktun má leggja fram í almennum umræðum.
  - b. Afgreiðsla breytingartillagna sem borist hafa á meðan á umræðum stendur.
  - c. Breytingartillögur eru afgreiddar í þeirri röð sem þær birtast í fundargögnum. Liggi fyrir fleiri en ein tillaga um sama atriði er afgreidd fyrst sù tillaga sem er mest frábrugðin tillögu vinnuhópsins. Verði sù tillaga samþykkt falla aðrar breytingartillögur um sama atriði.
  - d. Ályktanir sem vinnuhópurinn hafnaði má leggja fyrir þingfund sem breytingartillögur í samræmi við sams konar ferli og breytingartillögur á ályktunum.
13. Lokaútgáfan með breytingartillögu ályktunarinnar er samþykkt.

Fundarstjóri þingsins hefur síðasta orðið um túlkun starfsreglna og sker úr um vafaatriði svo fremi 2/3 þingfundar velji að greiða ekki atkvæði gegn fundarstjóra. Vilji fulltrúi andmæla fundarstjóra verður hann að gera athugasemd um málsmeðferð, segja frá túlkun sinni á fundarsköpum og mæla með því að fella fundarstjóra. Þingið greiðir atkvæði um að ógilda ákvörðun fundarstjóra.

## 8. Yfirlýsingar

Stjórnin getur ákveðið að leggja yfirlýsingar fyrir þingið. Yfirlýsingar geta tekið afstöðu til brýnna þjóðfélagsmála eða viðburða. Yfirlýsingar má leggja fyrir þingið þangað til þingi hefur verið slitið.

## 9. Kosning stjórnar

Forseti, varaforseti og stjórn eru kjörin á þinginu.

Öll regnhlífarsamtök í UNR eiga rétt á að tilnefna frambjóðanda og varamann til stjórnar. Þau regnhlífarsamtök sem tilnefna frambjóðendur til forseta eða varaforseta geta einungis tilnefnt frambjóðendur til varamanna í stjórn.

Forseti og varaforseti eru kjörnir í persónukosningum með einföldum meirihluta. Ef frambjóðendur eru fleiri en tveir og enginn þeirra fær meira en helming atkvæða fara þeir tveir frambjóðendur sem fengu flest atkvæði áfram í seinni umferð.

Stjórnina skipa aðrir einstaklingar sem regnhlífasamtökin tilnefndu til stjórnar. Láti fulltrúi eða varamaður í stjórn af störfum á árinu geta regnhlífarsamtökin skipt um fulltrúa með því að tilkynna það til stjórnar en hún upplýsir aðildar- og áheyrnarsamtökin um þetta.

Stjórnin ákveður tímaáætlun fyrir tilnefningu frambjóðenda og fylgir sù tímaáætlun í fundarboði.

Frambjóðendur til forseta og varaforseta skulu fá þrjár (3) mínútur til að kynna sig áður en gengið er til atkvæða. Ræður til stuðnings frambjóðendum til forseta eða varaforseta fá allt að tvær (2) mínútur.